

**IV. Opnunargjald.**

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir endurofnun kr. 400.00.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af hreppsnefnd Selfosshrepps, staðfestist hér með til að taka gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá nr. 68 26. febrúar 1973.

*Iðnaðarráðuneytið, 31. janúar 1974.*

**Magnús Kjartansson.**

*Jóhannes Guðfinnsson.*

**G J A L D S K R Á**

fyrir Rafveitu Siglufjarðar.

**I. RAFORKA**

Rafveita Siglufjarðar selur raforku í smásölu á orkuveitusvæði sínu á þann hátt og við því verði, sem hér segir.

**1. Lýsing.**

- 1.1. Um kWst.-mæli á kr. 16.90 hverja kWst.
- 1.2. Um kWst.-mæli á kr. 8.50 hverja kWst. auk fastagjalds af rúmi því er lýsa skal, reiknast fastagjald af gólfleti.
  - a. Fyrir verslanir, vinnustofur og skrifstofur kr. 4.20 á m<sup>2</sup> á mánuði.
  - b. Fyrir geymslur, ganga og verbúðir kr. 2.10 á m<sup>2</sup> á mánuði.

**2. Heimilisnotkun.**

- 2.1. Til heimila, sjúkrahúsa, skóla, gisti- og veitingahúsa má selja raforku til suðu á kr. 4.25 hverja kWst., enda sé suðutæki öll fasttengd og öll önnur notkun seld eftir gjaldskrárlíðum 1.1. eða 1.2.
- 2.2. Um kWst.-mæli á kr. 3.40 hverja kWst. auk fastagjalds af gólfleti er nemur kr. 2.10 af m<sup>2</sup> á mánuði af gólfleti íbúðar. Við ákvörðun á gólfleti íbúðar reiknast öll íveruherbergi, eldhús, gangar og baðherbergi, en ekki geymslur og þvottahús. Íveruherbergi, sem um stundarsakir standa auð eða eru notuð sem geymslur, skulu reiknuð sem íveruherbergi. Tekið skal tillit til þess, ef um súðarherbergi er að ræða.

**3. Vélanotkun.**

- 3.1. Um kWst.-mæli á kr. 8.30 hverja kWst.
- 3.2. Stórnotkun um mestaafismæla þannig reiknað:  
Aflgjald kr. 4 375.00 á kW á ári.  
Orkugjald kr. 1.50 hverja kWst. af allri notkun.
- 3.3. Ef um mikla orkunotkun er að ræða, svo sem til frystihúsa, og kaupandi skuldbindur sig til að kaupa 20 000 kWst. á ári, má selja orku um kWst.-mæli þannig:
 

Fyrir fyrstu 20 000 kWst. ársnotkun .....	kr. 4 25 á kWst.
Fyrir næstu 80 000 kWst. ársnotkun .....	— 2.75 á kWst.
Fyrir umfram 100 000 kWst. ársnotkun .....	— 2.60 á kWst.

## 4. Hitun.

- 4.1. Til húshitunar og til hitavatsnugeyma um kWst.-mæli kr. 1.35 hverja kWst.  
 4.2. Til húshitunar um kWst.-mæli kr. 1.25 hverja kWst., enda megi rjúfa straum í allt að 3 klst. hvern sólarhring, samkvæmt nánari ákvörðun rafveitustjóra.  
 4.3. Til húshitunar yfir sumarmánuðina er heimilt að selja raforku á kr. 0.70 hverja kWst.

*Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.*

- a) Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.  
 b) Að tæki, búnaður og lagnir í sambandi við rafmagnsupphitunina sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar.  
 c) Að hús, sem fá leyfi fyrir rafmagnsupphitun, fullnægi lágmarkskröfum, sem rafveitan setur um einangrun.

## 5. Önnur raforkunotkun.

5.1. Til nota um vinnulagnir við byggingar meðan á byggingu stendur um kWst.-mæli kr. 8.50 hver kWst.

5.2. Til götu og hafnarlýsingar um kWst.-mæli á kr. 6.00 kWst.

Alla raforku, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið 1.

Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó, með samþykki rafveitunefndar, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert sinn, en eigi lengur en til eins árs í senn.

## II MÆLALÆIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem greiða skal af mælitækjum, sem hér segir.

1. Af einfasamælum 30 amp. ....	kr. 12.50 á mán.
2. Af þrifasamælum 50 amp. ....	— 22.00 — —
3. Af mestaafismælum 100 amp. ....	— 75.00 — —
4. Af mestaafismælum yfir 100 amp. ....	— 150.00 — —
5. Af þrifasamælum 50—100 amp. ....	— 30.00 — —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru, skal greiða ársleigu, sem á að vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leiga mælitækja innheimtist um leið og gjöld fyrir raforku.

## III. HEIMTAUGARGJÖLD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við veituna, skal greiða heimtaugargjald, sem miðast við flutningsgetu raftaugar þeirrar, sem að húsinu liggur, svo sem hér segir:

Flutningsgeta raftaugar	Heimtaugargjald	Yfirlengdargjald
35 A jarðstrengur 3-fasa .....	kr. 7 500.00	kr. 560.00
60 A jarðstrengur 3-fasa .....	— 9 500.00	— 680.00
100 A jarðstrengur 3-fasa .....	— 12 000.00	— 790.00
200 A jarðstrengur 3-fasa .....	— 24 000.00	— 1 300.00
350 A jarðstrengur 3-fasa .....	— 44 000.00	— 1 600.00

Yfirlengd greiðist þegar lengd heimtaugar fer fram úr 15 metrum. Lengd jarðstrengs mælist frá lóðarmörkum húss. Ef heimtaugarlögn krefst óvenjumikils kostnaðar að dómi rafveitustjórnar, svo sem vegna nýrrar spennistöðvar, nýrra aflstrengja, eða annars búnaðar, verða gjöldin ákveðin af rafveitustjórn í hverju tilviki.

Ef lögð er fleiri en ein heimtaug að húsi, greiðir húseigandi allan kostnað við stíðari heimtauginna samkv. reikningi. Þau hús, sem áður hafa greitt heimtaugargjöld, greiði aðeins hálf heimtaugargjald ef loftlínu er breytt í jarðstreng. Gjald fyrir heimtaug fellur í gjalddaga, þegar uppsetningu er lokið og áður en strumur er settur á heimtauginna.

#### IV. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkvæmt þessari gjaldskrá ekki verið greitt svo að til lokunar veitu hafi komið, skal taka gjald fyrir enduroppnun kr. 250.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni tafarlaust lokað, og verður hún ekki enduroppnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 250.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

#### V. SÖLUSKATTUR

11% söluskattur er innifalinn í öllum framangreindum verðum svo og 2% gjald til Viðlagasjóðs, nema gjaldalið 4, sem er sala raforku til upphitunar.

#### VI. BREYTINGAR

1. Gjöld samkvæmt 4. lið gjaldskrárinnar breytast með útsöluverði á dieselolíu á Siglufirði, þannig að þau teljist jafngilda útsöluverði á dieselolíu 1. janúar 1974, eða kr. 7.70 pr. lítra, en hækki eða lækki um 10% fyrir hver full 10%, sem olíuverð hækkar eða lækkar.
2. Bæjarstjórn er heimilt að hækka öll gjöld, sem ákveðin eru í þessari gjaldskrá eða lækka, um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda verði hækkunin auglýst áður en hún gengur í gildi.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Siglufjarðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Siglufjarðar nr. 117 9. apríl 1973.

*Iðnaðarráðuneytið, 31. janúar 1974.*

**Magnús Kjartansson.**

*Jóhannes Guðfinnsson.*

#### REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 161 14. maí 1973 um breyting  
á reglugerð nr. 150 21. júní 1972 um orlof.

##### 1. gr.

2. málsgrein 1. gr. reglugerðarinnar falli niður. Í hennar stað komi ný málsgrein svo hljóðandi:

Fastur starfsmaður telst hver sá samkvæmt reglugerð þessari, sem samkvæmt lögum gildandi kjarasamningi eða venju á rétt á að minnsta kosti þriggja mánaða uppsagnarfresti.